

Gleðilega páska!



Vestfjarðastofa

# VESTFJARÐASTOFA

## FRÉTTABRÉF MARSMÁNADAR 2024

🏠 VESTFJARÐASTOFA  
SUÐURGATA 12  
400 ÍSAFJÖRÐUM

✉️ FV@VESTFIRDIR.IS  
🌐 WWW.VESTFIRDIR.IS  
☎️ 450-6600

# SAMEINUÐ STÖNDUM VIÐ

Marsmánuður ársins 2024 var köflóttur í veðri eins og mars er svo oft. Hann var annasamur mánuður fyrir starfsfólk Vestfjarðastofu og margir starfsmenn voru á ferð og flugi. Í dagsins önn líður tíminn hratt og þegar þetta er skrifað er komin dymbilvika og mikil spenna í lofti fyrir 20. Aldrei fór ég suður hátíðinni á Ísafirði.

Mikilvægi Aldrei fór ég suður fyrir Vestfirði er ótvírætt. Á Aldrei kemur fólk saman til að gleðjast við góða tónlist og samveru. Aldrei dregur fram bestu hliðar mannlífsins hér vestra þar sem svo margir leggja til tíma og fjármuni til að hátíðin megi heppnast sem best. Hátíðin er samstarfsverkefni eins og þau gerast best með einkunnarorðin „maður gerir ekki rassgat einn“ gegnumgangandi.

Í starfsemi Vestfjarðastofu er unnið að fjölmörgum verkefnum sem krefjast aðkomu margra. Má þar nefna barnamenningarhátíðina Púkann, sem verður haldinn 15.-26. apríl, þar sem reynt er að ná samstarfi við starfsfólk skóla, félagsmiðstöðva, bókasafna, menningarstofnana og margra fleiri til að ýta undir og efla menningarþátttöku barna og ungmenna á svæðinu.

Annað verkefni og skylt er Ungmennanþing Vestfjarða sem haldið verður á Ísafirði dagana 11.-12. apríl. Ungmennanþinginu verður stýrt af engum öðrum en Sævari Helga Bragasyni og hefur yfirskriftina „Náttúran og umhverfið.“ Efnið er valið af undirbúningshópi ungmenna sem ásamt starfsmönnum félagsmiðstöðva og sveitarfélaga koma að undirbúningi þingsins. Á ungmennanþingi verður kosið í Ungmennaráð Vestfjarða sem starfa mun sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu.

Gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði 2026 – 2050 er stærsta verkefni sem unnið er að hjá Vestfjarðastofu þessa dagana. Verkefnið er unnið af starfsmönnum Vestfjarðastofu fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga. Með svæðisskipulagi er unnin sameiginleg stefna allra sveitarfélaga á Vestfjörðum um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Stefnt er að því að vinna við svæðisskipulagið ljúki vorið 2026.



Samhliða gerð svæðisskipulags er unnið að nýrri Sóknaráætlun fyrir Vestfirði. Sóknaráætlun er stefnumótandi sértæk byggðaáætlun fyrir Vestfirði til fimm ára. Með því að vinna þessar tvær áætlanir saman næst umtalsverð samlegð og gert er ráð fyrir að þegar vinnu við svæðisskipulag lýkur megi líta á Sóknaráætlun sem hluta af aðgerðaáætlun svæðisskipulagsins. Það eru því farnir í hönd spennandi tímar í skipulagsvinnu sem við bindum miklar vonir við að sem flestir íbúar á svæðinu láti sig varða og taki þátt í – framtíð Vestfjarða til heilla.

*Sigríður Ó. Kristjánsdóttir  
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu*





# VESTFJARÐASTOFA TÓK ÞÁTT Í MIPIM Í CANNES

Sigríður Kristjánsdóttir fór fyrir hönd Vestfjarðastofu á kaupstefnunna MIPIM í Cannes dagana 12-15. mars. Íslandsstofa, sem hefur verið þátttakandi um árabil til að kynna Ísland, skipulagði ferðina en að þessu sinni var landshlutasamtökunum einnig boðið að taka þátt. Var það gert til að þau mættu kynna sér sýninguna af eigin raun og til að freista þess að opna dyr fyrirtækjum og verkefnum á sínu svæði. Íslandsstofa lagði upp með stærri bás en áður og aukinn sýnileika á MIPIM vegna þeirra fjölmörgu tækifæra sem verið er að kynna á Íslandi, líkt og uppbygging grænna iðngarða og innviða tengdum hringrásarhagkerfi auk ferðaþjónustutækifæra. Sírý notaði að sjálfssögðu tækifærið til að kynna hina spánýju fjárfestingasíðu invest.is.

MIPIM í Cannes er ein stærsta kaupstefna heims á sviði fasteignapróunar, fjárfestinga og þjónustu þar sem lönd, svæði, borgir, fjárfestar og fleiri mæta með kynningar. Í ár voru yfir 300 kynningarsvæði frá 90 löndum og um 21.000 gestir. Sýningarsvæðið er gríðarstórt í tveimur stórum sýningarhöllum, fjölda bygginga og tjalda, auk þess sem kynningar fóru einnig fram á snekkjum við hafnarkantinn. Á sýningunni er jafnframt fjöldi viðburða, málþing, erindi og kynningar þannig að fjölbreytt dagskrá er alla dagana á svæðinu.

Meðal þess sem íslenski hópurinn gerði í ferðinni var að heimsækja stærsta tæknigarð Evrópu, Sophia Antipolis sem er á dreifbýlissvæði rétt utan við Cannes. Garðurinn er rúmlega 50 ára gamall og segja má að frumkvöðlarnir sem stofnuðu garðinn hafi verið nokkuð á undan sinni samtíð. Garðurinn er talinn vera fyrirmynd hins svokallaða „triple helix módel“ sem gerir ráð fyrir aðkomu háskólastofnana, ríkis og atvinnulífs til að byggja upp og yfirfæra þekkingu milli rannsókna og atvinnulífs.



*Sírý og hluti íslenska hópsins á MIPIM*

Í Sophia Antipolis starfa nú 2500 fyrirtæki sem skapa 43000 störf fyrir einstaklinga frá 80 löndum og þar eru um 5.500 námsmenn. Garðurinn nær yfir 4300 hektara og velta innan hans er yfir 6 milljarða Evra. Mikil áhersla er lögð á lífsgæði þeirra sem þarna starfa og er í nágrenninu bæði hægt að njóta sólar og skíðaiðkunar.

Þátttaka í kaupstefnum sem þessari skilar sér fyrst og fremst í þekkingu og reynslu, auk þess sem hún færir dýrmæta viðbót við tengslanet. Sírý segir helst hafa vakið athygli stærð og skali þeirra verkefna sem verið er að kynna á MIPIM og það hversu miklu máli framtíðarsýn og samstarf margra aðila í verkefnum skiptir máli. Mikilvægi framtíðarsýnar þegar kemur að skipulagi sveitarfélaga og svæða var dregin fram með mjög áhrifamiklum hætti. Það veitti enn frekari innblástur til að vinna svæðisskipulag fyrir Vestfirði vel og af heilum hug þannig að í því endurspeglst framtíðarsýn svæðisins og sú sýn verði einnig hluti aðalskipulags sveitarfélaga á svæðinu.



# INWEST.IS KOMIN Í LOFTIÐ

Það dró til tíðinda í mánuðinum er Vestfjarðastofa hleypti af stokkunum vefsíðunni [inwest.is](http://inwest.is). Síðustu ár hefur verið talsverð uppsveifla á Vestfjörðum og áhugi fyrir svæðinu verið að aukast á mörgum sviðum. Það er þó ekki ofsögum sagt að svæðið eigi enn talsvert inni og rými fyrir allskonar spennandi verkefni fyrir hendi. Með tilkomu [Inwest.is](http://inwest.is), blæs ferskum vindum í fjárfestingar. Síðan er hönnuð til að tengja innlenda og erlenda fjárfesta við fjölbreytt og eftirsóknarverð fjárfestingartækifæri á Vestfjörðum.

Nafnið [Inwest](http://inwest.is) er leikur að orðum og sameinar „invest“ (fjárfestingar) og „West“ (Vestfirðir), sem kjarnar tilgang vefsíðunnar: að kynna og laða að fjárfestingar á Vestfjörðum. Síðan sem er bæði á íslensku og ensku tryggir að upplýsingar sé aðgengilegar fyrir bæði innlenda sem erlenda fjárfesta.

Vefsíðan er sölu og kynningarsíða og dregur fram kosti, tækifæri og gögn úr helstu áherslum verkefnisins. Síðan skiptist í þrjá áhersluflokka: ferðapjónusta, fasteignir og innviði, og bláa hagkerfið:

**Ferðapjónusta:** Hér er lögð áhersla á að þróa afþreyingaferðapjónustu, veitingapjónustu og stuðla að hótelluppbyggingu.

**Fasteignir og innviðir:** Þessi flokkur beinist að fjárfestingum í íbúðum, hótelum, og mikilvægum innviðum eins og hafnarmannvirkjum.

**Bláa hagkerfið:** Hér er hvatt til fjárfestingar sem tengjast sjávarauðlindum, með áherslu á nýsköpun og virðisauka sjávarafurða, þjónustu við hafnarstarfsemi, matvælaframleiðslu og fleira, sem nýtir sjálfbært umhverfi Vestfjarða.

Markmið [Inwest.is](http://inwest.is) er ekki aðeins að auka sýnileika Vestfjarða sem ákjósanlegs fjárfestingarkosts heldur einnig að stuðla að sjálfbærri þróun svæðisins með því að laða að fjárfestingu sem nýtir gæði og náttúruauðlindir á ábyrgan hátt.

Með því að skapa brú milli fjárfesta og Vestfjarða, stefnir [Inwest.is](http://inwest.is) að því að efla efnahagslíf svæðisins, skapa ný störf, og stuðla að blómlegri framtíð fyrir alla sem búa og starfa á Vestfjörðum



[Vestfirðir](#) [Ferðapjónusta](#) [Fasteignir og Innviðir](#) [Bláa hagkerfið](#) [Hafa samband](#)



13



# Ungmennaping Vestfjarða 2024

## Náttúran og umhverfið



**Sævar Helgi**  
verður þingstjóri

Dagskrá þingsins



Skráning á þingið



## UNGMENNAPING VESTFJARÐA

### HALDIÐ Á ÍSAFIRÐI

Ungmennaping Vestfjarða fer fram á Ísafirði dagana 11.-12. Apríl 2024. Þingið er opið ungmennum fæddum á árunum 2006-2011 með lögheimili á Vestfjörðum.

Þingstjóri er Sævar Helgi Bragason, betur þekktur sem Stjörnu-Sævar og er þema þingsis náttúran og umhverfið. Markmið þingsins er að gefa ungmennum frá Vestfjörðum tækifæri til að kynnast hvort öðru, fræðast um samfélagið og valdefla þau til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif. Á þinginu munu þátttakendur hljóta fræðslu, fá tækifæri til að tjá sig og læra hvert af öðru, ásamt því að fara í sund og skemmta sér saman á kvöldvöku. Þátttaka á þinginu er gjaldfrjál.

Þinginu lýkur með kjöri í Ungmennaráð Vestfjarða, sem mun starfa sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga. Ráðið er kjörið til eins árs í senn og verður kjörinn einn aðalmaður og einn varamaður úr hverju sveitarfélagi á Vestfjörðum þar sem ungmenni eru búsett. Ungmennaráð fundar að lágmarki þrisvar sinnum á ári og hittist þar af á einum staðfundi. Ungmennaping Vestfjarða var haldið í fyrsta sinn árið 2022. Þá fór þingið fram í Bjarnarfirði á Ströndum og tókst mjög vel til. Í ár er í fyrsta sinn kosið í ungmennaráð sem meðal annars mun koma að skipulagningu framtíðar ungmennapinga.

Skráningu lýkur á miðnætti mánudaginn 1. apríl. Athugið að takmarkað pláss er í boði, endanleg staðfesting á þátttöku verður send út 2. apríl. Fyrir nánari upplýsingar má hafa samband við Vilborgu Pétursdóttur verkefnastjóra á netfangið [vilborg@vestfiridir.is](mailto:vilborg@vestfiridir.is).



## VEL SÓTTUR FUNDUR UM SKEMMTIFERÐASKIP

Fundur um málefni skemmtiferðaskipa í Ísafjarðarbæ var haldinn á Vestfjarðarstofu þann 19. mars. Fundurinn var mjög vel sóttur og augljóst að fólk lætur sig málin varða. Þrjú erindi voru flutt. Hilmar Lyngmó hafnarstjóri Ísafjarðarhafna reið á vaðið og sagði frá skipakomum sumarsins, auk þess sem hann sýndi hvernig skipaskráningum er háttað á vef Ísafjarðarbæjar. Ljóst er að það verður í nægu að snúast hjá höfninni í sumar er von er á 195 skemmtiferðaskipum. Fyrsta skip er væntanlegt 13. apríl og það síðasta 27. september. Þrisvar sinnum ber svo við að fimm skip komi sama daginn, það verður 3. og 30. júlí og 5. ágúst. Stærsti dagur sumarsins verður 4. júlí er von er á yfir 9000 gestum á Ísafjörð. Flesta skipadagana er þó aðeins von á innan við 2000 gestum.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, fjallaði um nýja stefnu sveitarfélagsins um móttöku skemmtiferðaskipa og aðgerðaáætlun henni tengda. Stefnan hefur þegar verið samþykkt í hafnarstjórn og liggur hún fyrir bæjarstjórn. Í stefnunni er tekið á hinum ýmsu málum er varða skipakomur og hafa verið í umræðunni líkt og hámarksfjöldi skipagesta, salernismál og aðgengi. Hún tekur jafnvel á þáttum eins og skipsflautum þar sem bannað verður að þeyta þær nema nauðsyn beri til. Í stefnunni kemur fram að í ár verði ráðist í hönnun á húsi fyrir farþegamóttöku svo framkvæmdir við það geti hafist á næsta ári. Þar er líka að finna tillögur að sjóði sem veitir styrki til samfélagsins bæði er varðar menningu og mannlíf og einnig er varðar uppbyggingu tengda skipakomum.

Sjóðurinn var einnig kynntur á fundinum. Í þessari fyrstu styrkveitingu úr honum er sjónum beint að viðburðahaldi og gengur hann undir nafninu sumarviðburðasjóður Ísafjarðarhafna. Í sjóðinn geta sótt þeir sem hyggja á viðburðahald í Ísafjarðarbæ í tengslum við skipakomur og er styrkjum úthlutað til einstakra viðburða, eða raða viðburða.

Að erindum loknum sköpuðust líflegar umræður sem margar sneru að sjóðnum. Sjóðurinn er hugsaður til framtíðar og verður fjárhæð í hann ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs og tekur með beinum hætti mið af tekjum fyrra árs af skipakomum. Valin var sú leið að styrkja viðburðahald í tengslum við skipakomur í ár, en áherslur sjóðsins geta tekið breytingar ár frá ári.






# Vestfirðingar heimsóttu fyrirmyndareyjuna Samsö

Í byrjun mars hélt fríður flokkur Vestfirðinga til eyjunnar Samsö í Danmörku, sem hefur getið sér gott orð fyrir góðan árangur í loftslagsmálum. Verkefnastjórn RECET (Rural Europe for Clean Energy Transition) sem Vestfjarðastofa er aðili að bauð til ferðarinnar. Auk starfsfólks Vestfjarðastofu fór í ferðina sveitarstjórnarfolk á Vestfjörðum frá sveitarfélögum sem taka þátt í RECET.

Heimsóknin hafði það að markmiði að kynna aðferðafræðina sem íbúar og sveitarstjórn Samsö studdist við á leið sinni að kolefnishlutleysi, sem þau náðu þegar árið 2007. Samsö á sér að mörgu leyti svipaða samtímasögu og Vestfirðir, þar sem þau hafa tekist á við hnignun atvinnuvega, fólksfækkun og hækkandi aldur íbúa. Auk þess er Samsö af svipaðri stærð og sveitarfélagið Ísafjarðarbær og því rekstur þeirra að mörgu leyti sambærilegur.

Meðal þess sem gestirnir, sem komu auk Íslands frá Slóveníu, Svíþjóð og Spáni, fengu að kynna í Samsö voru vindmyllur, rafhleðslukerfi í höfnum og hálmdrifnar hitaveitur. Aðalatriðið var þó að heyra frá starfsfólki Energi Akademiet, hvernig aðferðafræði íbúalýðræðis og þátttöku var beitt til þess að ná sátt um aðgerðir, sem fyrir fram voru nokkuð umdeildar. Lokamarkmið RECET-verkefnisins er að á Vestfjörðum verði til loftslags- og orkuskiptaáætlanir. Einnig að þær verði virkt verkfæri til að ná loftslagsmarkmiðum og orkuskiptum sveitarfélaganna og var þessi heimsókn því um margt gagnleg fyrir gestina, sem meðal annars fengu að spreyta sig á gerð slíkra áætlana með Samsö-aðferðunum.

Í ferðina fóru Nanný Arna Guðmundsdóttir frá Ísafjarðarbæ, Magnús Ingi Jónsson frá Bolungarvíkurkaupstað, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Kjartan Þór Ragnarsson frá Reykhólahrepp og Gerður Björk Sveinsdóttir frá Vesturbyggð, auk starfsmanna Vestfjarðastofu Magnúsi Þór Bjarnasyni, Guðrúnu Önnu Finnbogadóttur og Hjörleifi Finnssyni.



# VESTFIRÐIR ÁRIÐ 2045 MEÐ AUGUM KOMANDI KYNSLÓÐAR

Glæsileg Vörumessa ungra frumkvöðla var haldin í húsakynnum Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 13. mars. Á henni sýndu verk sín nemanir í hugmyndum og nýsköpun við Menntaskólann á Ísafirði. Margt var um manninn þar sem fjöldi frábærra nýsköpunarverkefna voru kynnt.

Nemendur í áfanganum, sem er undir handleiðslu Ólafar Dómhildar Jóhannsdóttur, hafa sannarlega ekki setið auðum höndum. Fyrir á önninni fengum við hjá Vestfjarðastofu þau í samstarfsverkefni með okkur. Við efndum til hugmynda- og myndbandakeppni þar sem sendar voru inn hugmyndir í myndbandsformi um Vestfirði árið 2045. Höfðu ungmennin nokkuð frjálssar hendur með hvað tekið væri fyrir á því sviði en okkur langaði mikið að forvitnast um hvað þau sem erfa munu land vildu sjá vera orðið að raunveruleika þá. Vestfjarðastofa vinnur um þessar mundir hvort tveggja að endurnýjun Sóknaráætlunar Vestfjarða og að nýju svæðisskipulagi fyrir Vestfirði. Á báðum vettvöngum er skýr framtíðarsýn fyrir svæðið lykilatriði og gaman að fá að skyggjast með þessum hætti inn í hugarheim unga fólksins.

Okkur bárust 13 myndbönd og það var virkilega gaman að sjá hugmyndirnar sem bárust. Á endanum valdi dómnefnd þrjú ólík myndbönd og hlutu nemendurnir sem að þeim stóðu 25.000 krónur í verðlaunafé. Hugmyndirnar sem voru hlutskarpastar lutu bæði að hugmyndaauðgi en einnig að sjónrænni framsetningu.

Hér til hliðar má sjá frá afhendingu viðurkenninga og hægt er að smella á hlekkir sem leiða inn á myndböndin.



*Skjaskot úr einu myndbandanna*



*Neðansjáuvargöng undir Pollinn á Ísafirði er hugarfóstur þeirra Mathildu, Maríu og Úlfars.*



*Hótel á Kaldbak er tillaga Þórunnar og Viktoríu.*



*Hvernig lífið gæti mögulega litið út eftir 20 ár með þróun tækninnar var tekið fyrir í myndbandi Unnar, Guðrúnar Helgu, Jóns og Adrians.*



# LEGGJA TIL LEIÐIR AÐ BYGGÐAFESTU

---

Út er komin skýrslan Leiðir að Byggðafestu eftir Hlédísi Sveinsdóttur og Björn Bjarnason. Skýrslan er unnin á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV), Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Aðdraganda skýrslunnar má rekja til fundar landshlutasamtakanna þriggja og þingmanna kjördæmisins um stöðu sauðfjárræktar í landinu. Byggðastofnun hafði þá í skýrslu um málefnið dregið upp afar dökka mynd af stöðu og framtíðarhorfum sauðfjárræktar á Íslandi. Þar var það jafnframt metið svo að verst kæmi þetta niður á Dalabyggð, Reykhólahreppi, Húnaþingi vestra og Ströndum.

Landshlutasamtökin þrjú fengu styrk úr C1 lið Byggðaáætlunar til að hvetja til verðmæta- og nýsköpunar á þessum landsvæðum sem mest hafa átt undir sauðfjárrækt. Fyrsta skrefið við framkvæmd verkefnisins var tækifæragreining, annað skrefið er stefnumótun og þriðja skrefið fræðsla og tengslamyndun til framkvæmdar fyrrgreindra tækifæra. Leiðir að byggðafestu felur í raun í sér í senn stöðu- og tækifæragreiningu sem undirbýr jarðveginn fyrir þriðja skrefið.

Þar sem höfuðvígi sauðfjárræktar er strjálbýlið er áhersla lögð á að mæta því í þeirri vinnu sem fram hefur farið og tilgangurinn að efla frumkvöðlastarf á lögbýlum. Ætlunin er að veita frumkvöðlum stuðning og hvatningu og fara í fræðslu og tengslamyndun með þeim.

Næstu skref eru til skoðunar og allar ábendingar og tillögur um aðgerðir á grunni þessarar vinnu eru vel þegnar. Við athugasemdum tekur starfsmaður verkefnisins Sigurður Líndal á netfangið [sigurdurl@vestfirdir.is](mailto:sigurdurl@vestfirdir.is)







## ATVINNURÁÐGJAFAR KYNNTU SÉR RANNSÓKNIR Í DANMÖRKU

Magnús Þór Bjarnason og Guðrún Anna Finnbogadóttir atvinnuráðgjafar hjá Vestfjarðastofu notuðu tækifærið þegar þau fóru til Danmerkur í mánuðinum í Samsö-ferðina að vísitara víðar og kynna sér það sem Daninn er að fást við. Fóru þau í Háskólann í Árósum í landbúnaðardeildina sem rekin er í Foulum. Þar er framkvæmdur fjöldi rannsókna með fjölbætt markmið er varða fæðuframleiðslu, genarannsóknir og fóðurrannsóknir. Mikið er lagt upp úr velferð dýranna, gæðum afurðanna og lækkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Þar er sjónum með einbeittum hætti beint að því hvernig skuli staðið að framleiðslu matvæla í framtíðinni, þar sem aðalmarkmiðið er að finna leiðir til að minnka umhverfisáhrifin og finna sjálfbærar leiðir.

Með heimsókninni vildu þau Magnús og Guðrún Anna fræðast um rannsóknir á notkun þörunga í fóður kúa til að minnka metangas (loftlosun dýranna). Voru þau leidd í allan sannleika um framgang rannsókna þar á bæ. Meðal þess sem þau komust að vað að þegar er búið að einangra hvaða þörungar henta best og verið er að rannsaka hversu mikið hlutfall þörunga þarf að vera til að ná hámarksárangri.

Einnig heimsóttu þau Nordisk Folkecenter sem er 40 ára gamalt rannsóknarsetur á Norður-Jótlendi. Þar sveif hippastemming yfir vötnum og í kynnisferðinni á jörðinni var þrætt í gegnum sögu sjálfbærra orkurannsókna í Danmörku: vindmyllur, sólarcellur, lífræn einangrun í hús, rannsóknir á þreföldu gleri og fullkomlega sjálfbært smáhýsi. Smáhýsið er byggt úr tré, einangrað með hálm og þússað með leir og eina efnið í húsinu sem ekki myndi jarðgerast eru gluggarnir. Nordisk Folkecenter hafði mikil áhrif á þá ákvörðun danskra stjórnvalda að hefja rannsóknir á sjálfbærri orku og banna kjarnorkuver í landinu.





# OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í SUMARVIÐBURÐASJÓÐ

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sumarviðburðasjóði skemmtiferðaskipa í Ísafjarðarbæ. Markmiðið með sjóðnum er að styrkja og bæta bæjarbrag í tengslum við skemmtiferðaskipakomur, þar sem áhersla er lögð á að efla menningu og mannlíf. Tilkoma sjóðsins er í tengslum við stefnu Ísafjarðarbæjar um málefni skemmtiferðaskipa þar sem hluta tekna af skipakomum skuli varið í að efla menningu- og félagslíf í sveitarfélaginu.

Styrkjum er úthlutað til einstakra viðburða, eða raða viðburða. Ekki eru veittir styrkir til rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbóta fyrirtækjum þ.m.t. á eignum.

Í sjóðinn geta sótt lögráða einstaklingar, listhópar, félagasamtök, stofnanir eða fyrirtæki sem koma að menningarviðburðum í Ísafjarðarbæ eða hyggjast gera svo.

Helstu skilyrði fyrir styrkveitingu:

Viðburðir skulu haldnir á tímabilinu maí til september

Viðburðir skulu vera þátttakendum/áhorfendum að kostnaðarlausu

Viðburðir sem haldnir eru á milli klukkan 10:00 og 15:00 njóta forgangs

Hægt er að sækja um styrk að hámarki 1.000.000 kr.

Umsóknarfrestur er til 4. apríl kl 16:00.

Ekki er krafist mótframlags frá umsækjanda.

Vestfjarðastofa fer um umsýslu sjóðsins. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað [má finna](#) á [vestfirdir.is](#).



## HVER ERU ÁHRIF AUKINNAR UMFERÐAR SKEMMTIFERÐASKIPA?

Ársfundur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, náttúrustofa og Umhverfisstofnunar var haldinn þann 21. mars á Hornstrandastofu á Ísafirði og á Teams undir yfirskriftinni: *Hver eru áhrif aukinnar umferðar skemmtiferðaskipa?* Fjallað var um áhrif af komum skemmtiferðaskipa á náttúru og samfélag, auk þess sem erindi voru flutt um verkefni sem verið er að vinna á sviði skipakoma og umhverfis.

Vestfirðingar voru fyrirferðarmiklir undir samfélagsliðum. Þar fóru Gylfi Ólafsson og Hilmar Lyngmó yfir stefnu og málefni Ísafjarðarhafnar og Jón Auðun Auðunarson framkvæmdastjóri Vesturferða ræddi um ferðaþjónustu. Hann fjallaði um hvernig hægt væri að auka framboð ferða til gesta skemmtiferðaskipa og þannig koma betur til móts við þá. Undir sama lið ræddu þær Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri á Grundafirði og Margrét Björk Björnsdóttir Markaðastofu Vesturlands þróun og áskoranir vegna skemmtiferðaskipa á Snæfellsnesi.

Fjöldi annara var á mælendaskrá en þar sem fjallað var um loftmengun, álag vegna fólksfjólða, vöktun ferðamannastaða, landtöku skemmtiferðaskipa utan hafna og umhverfiseinkunnarkerfi EPI. Að lokum fjallaði Katrin Blomvik framkvæmdastjóri Geirangerfjord World Heritage Site um þær áskoranir sem þau hafa glímt við í Geirangerfirði í Noregi ásamt hugmyndum af lausnum.

# FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR BREIÐAFJARÐAR

## - LEIT AÐ JAFNVÆGI MILLI VERNDAR OG NÝTINGAR

„Leit að jafnvægi milli verndar og nýtingar“ var yfirskrift þriggja upplýsinga- og umræðufunda sem haldnir voru vegna verkefnis um framtíð Breiðafjarðar. Þriðji og síðasti fundurinn var haldinn á Birkimel á Barðaströnd, þriðjudaginn 26. mars, en áður voru sambærilegir fundir haldnir að Laugum í Sælingsdal og í Stykkishólmi. Að verkefninu stóðu Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, fyrir hönd stýrihóps sem fékk það verkefni að gera svokallaða forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar með tilliti til byggðapróunar og sjálfbærrar nýtingar.


Á fundunum var sagt frá stöðugreiningu sem sýnir hvað Breiðafjörðurinn er einstakur, sama hvert lítið er, greiningu um hagrænt virði Breiðafjarðar og sviðsmyndgreiningu, þar sem horft var til ársins 2040. Ein sviðsmyndanna fékk heitið „Breiðfirskir straumar“. Hún vísar til þess að með áherslu á verndun og fjölbreytt atvinnulíf, verði staða Breiðafjarðar sterk, með öflugum rannsóknarstarfi, sem styrkt er af yfirvöldum, langtímahugsun í allri uppbyggingu, þar sem sjálfbærniáherslur blómstra.

Markmið fundanna var að kynna íbúum og hagaðilum þessar greiningar og fá viðbrögð á drög að tillögum sem stýrihópurinn mun síðan afhenda umhverfis-, orku og loftslagsráðherra.

Samtals mættu um 90 manns á fundina þrjá og greinilegt að fólk kunni að meta það að vera boðið til umræðu um sitt heimasvæði og framtíðina. Þátttakendur rýndu tillögurnar í litlum hópum og höfðu líka frelsi til að ræða annað sem þeir telja mikilvægt til að ná jafnvægi milli verndar og nýtingar á Breiðafjarðarsvæðinu.

Sagt verður nánar frá skilaboðum íbúa í apríl, þegar búið verður að vinna úr afrakstri fundanna.

Yngsti þátttakandinn á fundinum í Birkimel kom vegna mikils áhuga á málefnum og hafði kynnt sér tillögurnar á netinu fyrir fundinn. Sá er á sextánda ári og má því segja að þar hafi rödd framtíðar ratað inn í umræðuna.





# FERÐAMÁLARÁÐHERRA HEIMSÓTTI ÍSAFJÖRÐ

Í byrjun mánaðar lagði ferðamálaráðherra Lilja Dögg Alfreðsdóttir land undir fót og hélt umræðu- og kynningarfund um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030 í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Farið var yfir þá vinnu sem hefur átt sér stað við gerð aðgerðabundinnar ferðamálastefnu – þá fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Drög að aðgerðaáætluninni voru unnin í víðtæku samráði stjórnvalda við fjölda hagaðila. Þau eru byggð á vinnu sjö starfshópa og stýrihóps og voru birt í samráðsgátt stjórnvalda í nóvember á síðasta ári. Um 100 manns voru í starfshópunum sjö og má þess geta að bæði Sölvi Guðmundsson og Steinunn Ása Sigurðardóttir hjá Markaðsstofu Vestfjarða voru þar á meðal.

Fundurinn var vel sóttur af ferðapjónum og áhugasömum um þróun ferðapjónustu á svæðinu og sköpuðust góðar umræður. Þess má geta að einnig var stuðst við hina gagnvirku lausn Mentimeter þar sem fundargestir gátu svarað spurningum fundarstjórnenda í rauntíma og einnig með þeim hætti að upplýsingarnar fylgja þeim úr hlaði.

Þá má benda á að tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030 er nú aðgengileg í samráðsgátt. Er fólk hvatt til að láta í sér heyra vilji það koma athugasemdum á framfæri. Slóðin er: <https://island.is/samradsgatt/mal/3702>



Lilja Dögg notaði einnig tækifærið til að funda með Vestfjarðastofu. Til fundarins fóru Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Sölvi Rúnar Guðmundsson hjá Markaðsstofu Vestfjarða. Þar var fjallað um ferðapjónustu og menningu á svæðinu og kynnt helstu viðfangsefni. Litið var á þær áskoranir sem svæðið stendur frammi fyrir og þau tækifæri sem blasa við, auk mögulegra aðgerða til framþróunar á þessum sviðum.



# STYRKIR VEITIR ÚR ÞRÓUNARSJÓÐI FLATEYRAR

Styrkir úr Þróunarsjóði Flateyrar voru afhentir á samkomu í Gunnukaffi á Flateyri þann 22. mars. Verkefninu lýkur formlega í sumar og er þetta því síðasta úthlutun úr sjóðnum. Alls bárust 29 umsóknir um styrki en 18 verkefni hlutu styrk að þessu sinni. Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 21.400.000,- sem er rúmlega fjárhæð árlegrar úthlutunar. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 71.347.054.00 kr.-

Flestar umsóknir vísuðu til með einum eða öðrum hætti til markmiða Flateyrarverkefnisins og niðurstaðna íbúabings og áherslum í Sóknaráætlun Vestfjarða. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum í takti við markmið og áherslur. Mat verkefna tekur mið af íbúasamráði í tengslum við samfélagsverkefni á Flateyri og markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða. Umsóknir sem bárust í sjóðinn voru metnar af verkefnisstjórn byggðalagsins, sem skipuð er fulltrúum frá Ísafjarðarbæ, Vestfjarðastofu og hverfaráði Önundarfjarðar.

Heiti verkefnis	Nafn umsækjanda	Upphæð styrks
Marketing campaign for Wakeboarding Iceland	Justas Suscickis	1.500.000
Bókmenntahátíð Flateyrar	Karíba útgáfa (Helen Cova)	1.000.000
Vestfjarðabók	Fjólubláa Húfan ehf. (Haukur	500.000
Nýtt upplýsingaskilti um snjóflóðið 1995	Félagið Hús og fólk	400.000
Önundarfjörður Ocean Activity Festival	Nicole Sühring – Wildness Flateyri ehf	500.000
Bird's Eye Data Collector	Automata (Guðmundur Konráðsson)	1.350.000
Þróun útivistar-alþjóðabrautar - þýðing	Lýðskólinn á Flateyri	500.000
Frisbíggölvöllur Flateyrar - frágangur	Sigurður Grétar Jökulsson	1.500.000
Hamprækt	Geir Magnússon, Önundur Hafsteinn Pálsson	3.000.000
Villt að vestan, sveppasósur og matvælavinnsla	425 ehf.	2.500.000
Útkall 2024	Kjartan Tindur Gunnarsson	1.500.000
Leiksýning í fullri lengd	Leikfélag Flateyrar	650.000
FarFlat – Deilibráaverkefni á Flateyri	Erla Margrét Gunnarsdóttir	800.000
Gróa (krem)	Svanbjörg Gróa Hinriksdóttir	500.000
Áframhaldandi uppbygging Siggasvells	Skautafélag Önundarfjarðar	2.500.000
Þjónusta við kvikmyndagerð	Geir Magnússon	1.200.000
Sumarhátíð Lýðskólans á Flateyri	Lýðskólinn á Flateyri	1.000.000



# STYRKIR TIL VIÐBURÐAHALDS Á PÚKANUM



Umsóknarfrestur til að sækja um styrki til að framkvæma viðburði á Púkanum hefur verið framlengdur til miðnættis þriðjudaginn 2. apríl.

Heildarupphæð styrkja verður 800.000 kr. Til að sækja um styrk þarftu að [smella á þetta umsóknareyðublað](#) sem er að finna á [vestfirdir.is](#)

Púkinn, barnamenningarhátíð á Vestfjörðum verður haldinn í annað sinn 15. - 26. apríl. Einstaklingar, skólar og stofnanir eru hvött til að efna til viðburða á hátíðinni. Þema hátíðarinnar í ár er „Hvers vegna búum við hér?“ Að þessu sinni verður lögð áhersla á heimatilbúin atriði, gjarnan með þátttöku foreldra. Hátíðin verður haldin um allan Vestfjarðakjálkann og er ætluð börnum á grunnskólaaldri.

Einnig er kallað eftir viðburðum á hátíðina. Til að skrá viðburð á dagskrá hátíðarinnar skaltu [smella á á þetta skráningarform](#). Frestur til að skrá viðburði er til og með 8. apríl.

Starfsfólk Vestfjarðastofu bauð í mánuðinum upp á kynningar á nýsköpunarstyrkjum Lóunni á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík. Nokkur áhugi er á svæðinu fyrir þessum styrkjum enda komu veglegir styrkir á Vestfirði í síðustu úthlutun.

Styrkirnir eru nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina sem hafa það hlutverk að styðja við eflingu byggða og landshluta með nýskapandi verkefnum. Styrkjum er aðeins úthlutað til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins í þeim tilgangi að styðja við atvinnulíf og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni.

Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2024. Áætlað er að úthlutun fari fram í maí.

Umsóknir berist rafrænt á [minarsidur.hvin.is](#)

## LÓAN KYNNT - ENN OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR



# 69. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA AÐ VORI - HALDIÐ Í EDINBORGARHÚSINU Á ÍSAFIRÐI 10. APRÍL 2024

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti á stjórnarfundum 27. mars 2024 endanlega dagskrá þingsins, en þingið hafði áður verið boðað með bréfi til sveitarfélaga þann 11. mars 2024 með dagskrá samkvæmt 9. gr samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga

## Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
2. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
3. Kosning kjörnefndar fyrir haustþing á miðju kjörtímabili sveitarstjórna (frestað)
4. Önnur mál löglega fram borin.
  - a. Boðun Fjórðungspings að sumri í fjarfundum
  - b. Undirbúningur breytinga á samþykktum og þingsköpum á haustþingi
  - c. Kosning aðalmanns í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga
  - d. Kosning varamanns í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga
  - e. Kosning varamanns í fjárhagsnefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga
  - f. Kynning á drögum að lýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða og drögum að markmiðum og áherslum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029
5. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga

Þingið verður sett kl.12.00 og því slitið um kl 16.30.

Skráning og gögn má finna á heimasíðu Vestfjarðastofu –

Skráning og gögn Fjórðungsping.l.Vestfjarðastofa (vestfirdir.is)